

Fyrsti fundur ársins 2009

5. Febrúar 2009

Mætt: Guðrún Kristjánsdóttir, Einar Páll Tamimi, Jóna Þorvaldsdóttir og Elín Guðmundsdóttir

Fundargerðina ritar Guðrún Kristjánsdóttir

Farið var lið fyrir lið í dagskrá fundarins og tekin afstaða til hvers liðs fyrir sig.

1. Foreldrafélag og foreldraráð sameinað.

Með tilkomu Skólaráðs þótti eðlilegt að leggja niður foreldraráðið. Guðmundur sem var áður formaður foreldraráðs kemur í stjórn foreldrafélagsins og hann ásamt Einari Páli eru fulltrúar foreldra í Skólaráði.

2. Umferð – bílastæði – Skilti

Ákveðið að Guðrún sendi út áminningu til foreldra um að leggja ekki í hringtorgi. Einnig að vinna að því að bærinn merki torgið þannig að bannað sé að leggja í því.

3. Jákvæðar skólafréttir: bréf frá Helga & skoðanakönnun

Virkilega jákvætt hversu lítil röskun verður á skólastarfi og hversu foreldrar eru ánægðir með skólann og starfið.

4. Bekkjarfulltrúar – hvernig gengur – ýta? + vinahópar

Nauðsynlegt að ýta á bekkjarfulltrúa – lítið verið gert í bekkjunum almennt eftir áramót. Guðrún sendir þeim bréf.

5. Innilega

Það er ljóst að innilegan getur ekki orðið með sama sniði og undanfarin ár nema ef foreldrar taka að sér næturgistinguna. Samþykkt samhljóma að vinna að því svo innilegan haldist með sama sniði og undanfarin ár.

6. Bingó – kaup á spjöldum

Einar kaupir þau fyrir páskabingóið.

7. Næsta verkefni foreldrafélagsins – í morgunsöng eða?

Allir sammála um að krydda svolítið tilveruna með því að fá skemmtilega söngvara í morgunsöng – væntanlega í byrjun mars.

8. Önnur mál

Tvö aðsend bréf: verð á skólamat og rafrænt einelti frá SAFT

Hvetjum alla í stjórninni til að skrá sig á Málþing um rafrænt einelti (10. Feb).

Varðandi verð á skólamáltíðum þá teljum við að bæjaryfirvöldum sé það fullljóst að mörgum foreldrum finnist maturinn dýr í samanburði við nágranna-bæjarfélögin.

Teljum því ekki þörf á að bætast í hóp þeirra sem koma því á framfæri.